

Verklagsreglur fagráðs Gróttu

Gróttu starfrækir fagráð og ber kostnað af starfsemi ráðsins sem og þeim kostnaði er hlýst af verklagsreglum þess. Fagráð Gróttu tekur til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, ofbeldi og einelti innan Gróttu. Slík hegðun er litin alvarlegum augum og ekki liðin innan Gróttu. Lögð er áhersla á samheldni, traust og góðan starfsanda.

Ábyrgð, tilgangur, markmið og umfang:

Mikilvægt er að starfsfólk og iðkendur innan Gróttu sem verða fyrir beinni eða óbeinni mismunun, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni, ofbeldi eða einelti hafi aðgang að og geti tilkynnt mál sín til viðeigandi aðila samkvæmt eineltisáætlun Gróttu eða beint til fagráðs Gróttu. Er það hlutverk fagráðs að taka við, meta og fylgja eftir tilkynningum sem ráðinu berast og tryggja að þær fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslögum. Gróttu útvegar aðstöðu og hýsir gögn er varðar ráðið og málefni þess, sem skulu aðgreind frá öðrum gögnum Gróttu og einungis fagráð hefur aðgang að.

1. gr. Gildissvið.

Reglur þessar gilda fyrir alla starfsmenn og iðkendur innan Gróttu.

2. gr. Orðskýringar.

- Bein mismunun:* Þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar einstaklingur af gagnstæðu kyni fær, hefur fengið eða mundi fá við sambærilegar aðstæður, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Óbein mismunun:* Þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kæmi verr við einstaklinga af öðru kyni nú borið saman við einstaklinga af hinu kyninu nema slíkt sé unnt að réttlæta á málefnalegan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Kynbundin áreitni:* Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Kynferðisleg áreitni:* Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Áreitnin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Kynbundið ofbeldi:* Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
- Ofbeldi:* Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða

handahófskennda sviptingu frelsis, sbr. reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.

7. *Einelti*: Síendurtekin hegðun sem er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir, sbr. reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015.

3. gr. Fagráð Gróttu.

Gróttu starfrækir og skipar í fagráð. Fagráð skal skipað til þriggja ára í senn, þremur einstaklingum, þar af einum lögfræðingi og einum sálfræðingi, sem hafa fagþekkingu og reynslu af meðferð mála af þessu tagi. Þá skal einnig skipa tvo varamenn eftir sömu reglum. Fagráðið kýs sér formann og er heimilt að velja ritara utan fagráðs.. Ritari skal halda málaskrá og er fagráðið starfhæft og ályktunarbært þegar þrír ráðsmenn þess eru mættir til fundar. Við tilnefningar í fagráðið skal gætt að ákvæðum 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Fagráðsmeðlimir ganga úr fagráði á víxl þannig: Formaður gengur út eftir eitt ár, einn meðstjórnandi út eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár.

4. gr. Hlutverk og markmið fagráðsins er eftirfarandi.

- a. Að vera starfsfólki Gróttu til ráðgjafar um mál er varða hlutverk fagráðs.
- b. Að taka við fyrirspurnum og tilkynningum frá iðkendum og starfsmönnum Gróttu og leiðbeina þeim um málsmeðferð.
- c. Að taka við, meta og skila niðurstöðu um mál sem ráðinu berast og leggja til að framvinda þeirra verði í samræmi við niðurstöðu máls, eineltisstefnu Gróttu og landslög.
- d. Að meta hvort þörf sé á aðstoð eða ráðgjöf annarra fagaðila.
- e. Að meta árangur verklagsreglna fagráðsins og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf.

5. gr. Tilkynningar og fyrirspurnir.

Hver sá sem vill bera fram fyrirspurn eða tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig verða fyrir af hálfu samstarfsmanna eða iðkenda innan Gróttu hefur samband við viðeigandi starfsmann samkvæmt eineltisáætlun Gróttu eða beint við fagráð í gegnum tölvupóst á netfangið fagrad@grotta.is eða skriflega með bréfi auðkennt „Fagráð Gróttu“ að Suðurströnd 2-8, 170 Seltjarnarnesi. Að ósk Gróttu og/eða hlutaðeigandi aðila, tekur fagráðið til umfjöllunar tilkynningar um mál tengdri starfsemi Gróttu.

6. gr. Málsmeðferð

Fagráðsmeðlimir og ritari skulu í hvívetna gæta trúnaðar um allt það sem þeir verða áskynja í störfum sínum fyrir fagráðið. Skulu þeir undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu þar að lútandi. Trúnaður helst þó látið sé af störfum fyrir fagráðið.

Hver sá sem ber fram fyrirspurn eða tilkynnir um brot, skriflega eða munnlega, á rétt á að fá aðstoð hjá fagráðinu. Fagráðið aðstoðar tilkynnanda við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir.

Þegar fagráðið, í samráði við tilkynnanda, ákveður að taka mál til meðferðar skal ráðið kanna málið til hlítar meðal annars með því að ræða við eða óska eftir umsögn tilkynnanda og þess sem tilkynning beinist að, og eftir atvikum yfirmanna, samstarfsfólks eða annarra liðsfélaga þeirra. Fagráð skal hraða rannsókn sinni eftir föngum. Þegar rannsókn máls er lokið að mati fagráðs kynnir fagráðið niðurstöður sínar með umsögn til tilkynnanda, stjórnar Gróttu og annarra hlutaðeigandi aðila. Telji fagráðið ástæður til getur ráðið gert tillögur að viðbrögðum til úrbóta hjá viðeigandi deild/um innan Gróttu, með tilvísun til stjórnar.

Fagráðið skal hafa hliðsjón af ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum um andmælarétt, rannsóknarskyldu, jafnræði aðila og málshraða eftir því sem við á, ákvæðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna nr. 10/2008 svo og öðrum landslögum eftir því sem við getur átt við afgreiðslu mála.

Ef grunur leikur á refsiverðri háttsemi skal fagráðið koma málinu í viðeigandi farveg eins fljótt og auðið er.

Fagráðið skal taka saman skýrslu árlega um vinnu sína, ábendingar, eðli mála og heildarfjölda og skila til stjórnar Gróttu fyrir 1. mars ár hvert.

Seltjarnarnes, 17.3.2021